

Hunda - fundargerð númer II. - Mánudaginn 9 ágúst 2021 - kl. 20:00 / Vettvangsferð.

Annar fundur undirbúningshóps um stofnun Hagsmunasamtaka Hundaeigenda á Húsavík (H-H-H) og gerð undagerðis á Húsavík. Hópin skipa Guðný María (GM), Linda Birgis (LB), Svava Steingr (SS). Benony Valur (BV) & Bergur Elías (BE).

Eitt mál á dagskrá, staðseting hundagerðis.

1. HUNDAGERÐIÐ - STAÐSENING - VETTVANGSFERÐ

Undirbúningshópur fór í vettvangsferð meðfram Ásgarðsvegi þar sem svæðið er miðsvæðið í Húsavík og talið henta vel. Svæðin sem skoðuð voru má sjá á meðfylgjandi yfirlitsmynd. Hafa ber í huga að hægt er að breyta stærð og lögun eftir hentuleika.



Undirbúningshópurinn skoðaði svæðin nokkuð vel og ræddi kosti þeirra og galla. Aðgengismál skipta miklu máli sem og að um svæðið sé auðvelt að ganga. Óska stærð svæðis væri +/- hálfur hektari þó svo að það sé ekkert heilagt.

Svæði (1) var að flestra mati besta svæðið, þar á eftir er svæði (2), sem er nokkuð nálægt nærliggjandi húsum og því að öllum líkindum þörf á grendarkynningu. Svæði (3) er nálægt framtíðar tjaldsvæði á Húsavík og er skemmtilegt svæði. Ókostir þess eru að svæði er svolítið hæðótt og aðgengi ekki eins gott og á svæði (1) og (2).

Undirbúningshópurinn leggur til við S&F ráð sveitarfélagsins að hundagerði verði sett upp á svæð (1) eða (2) og óskar eftir formlegri afstöðu ráðsins sem og áætlun um framkvæmdina með vísan til fyrri afgreiðslu 101 fundi ráðsins.

Að öðru leyti vísar undirbúningshópurinn til fundargerðar I fundar um aðkomu félagsmanna að uppbyggingunni sem hefur verið send á staðgengil Framkvæmda og þjónustufulltrúa Norðurþings með rafrænum hætti.

Fundi slitið kl 21:05.

Fundargerð ritaði BEA